

**Nd.**

**911. Breytingartillögur**

[226. mál]

við frv. til laga um atvinnuréttindi útlendinga.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ákvæði laga þessara gilda um atvinnuréttindi útlendinga á Íslandi og í landhelgi Íslands.

Í lögum þessum telst hver sá maður útlendingur sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt.

2. Við 3. gr.

a) Í stað „atvinnurekendum“ komi: vinnuveitendum.

b) Í stað „verkalýðsfélags“ komi: stéttarfélags.

c) Í 2. tölulið 2. málsg. falli niður orðin: „sé viðkomandi ráðinn erlendis“.

d) Til viðbótar síðustu málsgrein komi: þar með talið innlent heilbrigðisvottorð.

e) Ný málsgrein:

Óheimilt er að veita atvinnuleyfi útlendingi sem hefur ekki dvalarleyfi hér á landi skv. lögum 45/1965, um eftirlit með útlendingum, eða hefur verið gert að fara af landi brott skv. þeim lögum.

3. Við 4. gr.
  - a) 1. málsg. hljóði svo:

Umsókn um atvinnuleyfi skal senda til útlendingaeftirlitsins. Með umsókn um atvinnuleyfi skulu vera upplýsingar um vinnustaðinn, tegund vinnu, aðila kjarasamninga og áætlaða lengd daglegs vinnutíma á ráðningartímanum.
  - b) Í 3. málsg. eftir „Vinnuálagasambands samvinnufélaganna“ komi: Stéttar-sambands bænda, B.S.R.B. og B.H.M., eftir því sem við á.
4. Við 5. gr. Í 1. málsg. falli brott orðin „til opinberra vinnumiðlana erlendis“.
5. Við 8. gr.
  - a) 2. töluliður orðist svo:

hvort hann eigi lögheimili hér á landi.
  - b) Síðasta málsg. orðist svo:

Atvinnuleyfi sky. þessari grein eru bundin við ákveðna starfsgrein og ákveðinn tíma, og skulu slík leyfi eigi veitt til lengri tíma en tveggja ára í senn. Eftir fimm ára samfellda búsetu má þó veita slíkt atvinnuleyfi til ótiltekins tíma.
6. Við 9. gr.
  - a) Í 1. málsg. eftir „Farmanna- og fiskimannasambands Íslands“ komi: Stéttar-sambands bænda, B.S.R.B. og B.H.M., eftir því sem við á.
  - b) Í stað „Umsækjandi sé heimilisfastur“ í 1. tölulið komi: Umsækjandi eigi lögheimili.
  - c) 3. töluliður falli niður.
7. Við 11. gr.
  - a) 1. töluliður orðist svo:

Útlendinga, sem stunda eingöngu nám í skólum, sem íslenska ríkið á eða styrkir.
  - b) Aftan við greinina bætist nýir töluliðir:
    5. danska ríkisborgara, sem lög nr. 18 24. mars 1944, sbr. lög nr. 85 9. okt. 1946, taka til,
    6. útlendinga, sem undanþegnir eru atvinnuleyfi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að,
    7. danska, finnska, norska og sænska ríkisborgara er dvalið hafa þrjú ár samfleytt eða lengur í landinu.
8. Við 12. gr. Upphaf 1. málsg. orðist svo:

Brott gegn ákvæðum laga þessara varða þann, er hefur útlending í vinnu án leyfis, svo og útlending, er starfar án leyfis, sektum.
9. Við 15. gr. Greinin orðist svo:

Með lögum þessum eru úr gildi num'n lög nr. 39 15. mars 1951, um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.